

FJÁRHAGSÁÆTLUN FJARÐABYGGÐAR 2024 - 2027

Tillaga til
bæjarstjórnar til
síðari umræðu
30.nóvember.2023

Snorri Styrkársson
fjármálastjóri

Efnisyfirlit

Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2024 til 2027	6
1. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024 – 2027	9
1.1. Forsendur fjárhagsáætlunarinnar	9
Verðlagsforsendur	9
Skatttekjur	9
Útsvar	9
Fasteignaskattar og lóðaleiga	10
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	10
Aðrar fasteignatengdar tekjur	10
Gjaldskrár	11
Laun og launatengd gjöld	11
Almennir rekstrarliðir	11
Afskriftir	11
Fjármagnsliðir	11
Lántaka	12
1.2. Fjárfestingaráætlun	12
1.3 Lykiltölur fyrir árin 2024 – 2027	13
Skuldahlutfall	14
Skuldaviðmið	15
Skuldir og skuldbindingar	16
Tekjuþróun Fjarðabyggðar	17
2. Fjölskyldusvið	18
2.1 Félagsþjónusta	19
Barnavernd	20
þjónusta við eldra fólk og öryrkja	21
þjónusta við fatlað fólk	23
Snemmtæk íhlutun og samþætting þjónustu	23
Barnvænt sveitarfélag	25
2.2. Fræðslumál	26
Leikskólar	28
Grunnskólar	29
Tónskólar	30
2.3. Æskulýðs- og íþróttamál	31
Félagsmiðstöðvar	32

Sumarfrístund	32
Vetrarfrístund	33
Íþróttamannvirki	34
Styrkir og framlög til íþróttamála.....	34
Íþróttir í Fjarðabyggð	35
3. Menningar- og safnamál.....	37
3.1. Menningarstofa Fjarðabyggðar.....	37
3.2. Félagsheimili og menningarhús.....	38
3.3. Söguritun og menningararfur	38
3.4. Styrkveitingar og framlög.....	38
4. Brunamál og almannavarnir	39
4.1. Slökkvilið Fjarðabyggðar	39
4.2. Sjúkraflutningar	40
5. Framkvæmda- og umhverfissvið.....	41
5.2 - Veitur Fjarðabyggðar.....	42
5.3. Umhverfis- og skipulagsmál	42
5.4. Skipulags- og byggingarmál	42
5.5. Landbúnaðarmál, refa- og minkaeyðing	44
5.6. Heilbrigðis- og dýraeffirlit	44
5.7. Umhverfismál	45
5.8. Rekstur sorpmiðstöðvar	45
6. Stjórnsýslu- og þjónustusvið	46
6.1. Stjórnsýslu- og þjónustusvið.....	46
6.2. Stjórnsýsla: gæðamál og þjónusta	46
6.3. Mannauðs- og kjaramál	46
6.4. Upplýsingatæknimál og persónuvernd.....	48
6.5. Upplýsinga- og kynningarmál	48
6.6. Atvinnu- og þróunarmál	48
7. Fjármálasvið.....	48
8. Fjarðabyggðahafnir	49
8.1. Almennt um Hafnarsjóð Fjarðabyggðar.....	50
8.2. Hafnarþjónusta	51
9. Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2024	52
10. Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2024	56
11. Rekstrar- og efnahagsreikningur A hluta Fjarðabyggðar 2024 – 2027	60

12. Rekstrar- og efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2024 – 2027	64
13. Málaflokkayfirlit 2024.....	68
14. Málaflokkayfirlit 2025.....	69
15. Málaflokkayfirlit 2026.....	70
16. Málaflokkayfirlit 2027.....	71

Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2024 til 2027



Jóna Árný Þórðardóttir,
bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024, ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2025 – 2027, er hér lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Að venju samanstendur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar A- og B-hluta, ásamt greinargerð. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóðir, en í B-hluta eru veitustofnanir auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar. Þá er líkt og síðustu ár áætlunin sett fram sameinuð í eina fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og svo næstu þriggja ára. Þá er að finna í henni frekari ítarupplýsingar um fjölbreyttan rekstur Fjarðabyggðar.

Áætlunin ber þess merki að fjárhagur Fjarðabyggðar, eins og annarra sveitarfélaga, er þungur. Sviptingar eru í efnahagslífinu á Íslandi með birtast m.a. í hárrí verðbólgu og vaxtastigi sem hefur ekki sést síðan í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Það, ásamt óvissu sem framundan er varðar þróun kjarasamninga eru aðstæður sem sveitarfélagið þarf að takast á við í sinni áætlanagerð fyrir komandi ár. Víða er kallað eftir fjármunum í fjárfestingar til að viðhalda, endurbyggja eða þróa áfram ýmsa innviði sem þjónustan byggir á. Á þetta jafnt við um fjárfestingu í mannauði, tækni eða mannvirkjum sem starfsemi og þjónusta sveitarfélagsins reiðir sig á. Svo hægt sé að fjárfesta í þessum innviðum þarf sveitarfélagið að beina sjónum sínum í meira mæli á forgangsriðun úrbóta í rekstri. Áherslurnar þurfa að miða að því að auka framlegð til að geta fyllilega staðið undir því fjárfestingastigi sem er nauðsynlegt fyrir framþróun samfélagsins sem og að greiða að núverandi lánum og skuldbindingum og hefur áætlunargerðin tekið mið af því.

Á árinu 2023 fékk bæjarráð Deloitte til að fara í greiningu á því hvað þarf að gera til að efla getu sveitarfélagsins til að vinna að úrbótum í rekstri sem skili sér í betri vinnustað, skilvirkari breytingarstjórnun og öflugri rekstri. Ýmis verkefni voru þar tilgreind sem vinna þarf að á næstu mánuðum. Snúa verkefni m.a. að skýrari verkaskiptingu, aukna áherslu á fókus og forgangsriðun úrbóta, skilvirkari ferla sem og aukið aðhald í breytingarferlum. Stærsta ábending Deloitte snýr þó að framtíðarsýninni þ.e. að lagt er til að sveitarfélagið haldi áfram að móta sýn og stefnu um það hvernig á að þróa þjónustuna í því fjölkjarna samfélagi sem sveitarfélagið er. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi sveitarfélagsins þessi 25 ár frá því Fjarðabyggð varð fyrst til. Bæði hefur atvinnulífið á svæðinu tekið miklum breytingum sem og þarfir íbúa fyrir þjónustu. Í dag er samsetning þess hóps sem býr í Fjarðabyggð allt annar en hann var fyrir 25 árum og þ.a.l. væntingarnar um þjónustu sömuleiðis. Sífelld bætist í lög og reglugerðir sem sveitarfélögum ber að uppfylla og nýjar stefnur á vettvangi stjórnvalda líta dagsins ljós sem eiga það sammerkt að kalla eftir samvinnu á milli stjórnsýslustiga svo við getum tekist á við framtíðina saman. Í slíku umhverfi er mikilvægt að leita fyrirmynda og skoða mögulega nýjar áhugaverðar lausnir á framkvæmd þjónustunnar svo það rúmist innan þess skattfjár og þjónustutekna sem sveitarfélagið hefur til skiptanna.

Nú þegar fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2024, ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2025-2027, fer hér til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þá liggur fyrir að vænt rekstrarniðurstaða í árslok 2024 í A-hluta er jákvæð um 109 milljónir króna og í samstæðu A og B hluta um 552 milljónir króna. Í útgönguspá 2023 er gert ráð fyrir 79 millj. kr. halla á A-hluta sveitarfélagsins og ljóst að til að þessi viðsnúningur ná fram að ganga þurfa forsendur að ganga eftir í tekjuspám og útgjöldum sem kallar á mikinn aga að hálfu stjórnenda sveitarfélagsins. Undirliggjandi í áætluninni eru forsendur sem taka mið

af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og gert ráð fyrir að launabreytingar verði um 6,7% og verðbólga er áætluð 5,6% á milli áráanna 2023 og 2024.

Á tekjuhlið áætlunar er gert ráð fyrir að staðgreiðslutekjur aukist um 6,1% frá spá um niðurstöðu ársins 2023. Sveitarfélagið hefur í gegnum tíðina ávallt nálgast tekjuspá fjárhagsáætlunar með varfærum hætti og engin munur á því nú. Mikil óvissa eru um veiðheimildir í loðnu og í spánni er tekið tillit til þessarar óvissu en miðað við að veiðar haldist lítt breyttar í öðrum tegundum. Fjarðabyggðahafnir eru annar stærsti hafnarsjóður landsins og stærsta löndunarhöfn landsins í uppsjávarafurðum sem gerir það að verkum að sveiflur í veiðum og verðum slíkra afurða hafa mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023 að álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis verði óbreytt 0,424%. Breyting á matsstofni íbúðarhúsnæðis eykur tekjur sveitarfélagsins frá árinu 2023 en samhliða er ráðgert að hækka veittan afslátt til þeirra sem undir þær reglur falla. Það er mikið ánægjuefni að íbúðarverð fari hækkandi og um leið skapast grundvöllur til nýbygginga í sveitarfélaginu sem kemur á móti húsnæðisskortri sem hefur verið mikill í hverfum Fjarðabyggðar.

Hækkun verður á álagningarhlutfalli fráveitu og færast í 0,3232% af matsstofni vegna aukinnar fjárfestingarþarfar í fráveitum Fjarðabyggðar. Á móti þessari hækkun verður lækkun á vatnsgjaldi þannig að heildarálagning beggja gjaldanna leiði ekki til hlutfallslegrar breytingar á stöðu gjaldanna gagnvart íbúum. Á árinu 2023 voru gerðar breytingar á álagningu vatnsgjalds með þeim hætti að í stað verðmætis húsnæðis væri horft til stærðar þess og hefur sú breyting reynst farsæl í framkvæmd.

Á kostnaðarhlið áætlunarinnar byggir launaáætlun ársins 2024 á áætlunum stjórnenda á grunni gildandi kjarasamninga. Mikil óvissa er um komandi kjarasamninga og því eru teknar til hliðar fjármunir í miðlægum pott hjá bæjarráði til að mæta mögulegum launabreytingum á árinu 2024. Annar rekstrarkostnaður er einnig áætlaður af stjórnendum á grunni starfsáætlana fyrir árið 2024. Fjármagnsliðir eru áætlaðir á grunni þeirra lánskjara sem Fjarðabyggð er með og eru verðbólguviðmið í takt við þjóðhagsspá Hagstofnu Íslands í nóvember 2023.

Stærsta fjárfestingarverkefni ársins 2024 verður að halda áfram uppbyggingu á leikskólanum Dalborg á Eskifirði og stærstu tækjakaupin eru kaup á nýjum slökkvibíl. Þá eru stærstu verkefni í Hafnarsjóði bygging Strandarbryggju á Fáskrúðsfirði og áframhaldandi vinna við uppbyggingu og dýpkun hafnarinnar á Eskifirði. Fjarðabyggð gerir ráð fyrir að framlegð af rekstri standi undir fjárfestingum og afborgunum af lánum á áætlanatímabilinu og er því ekki gert ráð fyrir lántökum á tímabilinu.

Helstu áhersluatriði í starfsáætlunum sviða eru m.a. eftirfarandi:

- Áframhaldandi áhersla á aukna samhæfingu starfsemi og úrræða innan fjölskyldusviðs.
- Áhersla er á rýni reksturs leik- grunn og tónskóla Fjarðabyggðar með það fyrir augum að auka rekstrarlega samlegð og bæta faglegt starf.
- Unnið að framtíðarstefnu í íþróttamálum í Fjarðabyggð og rýni á viðhaldspörf mannvirkja og forgangsröðun því tengt.
- Tilraunaverkefnið „Gott að eldast“ fer af stað í samstarfi við HSA og ráðuneyti.
- Menningarstefna endurskoðuð og horft til frekari eflingar og samþættingar menningar-, lista- og safnstarfs.
- Fylgt verður eftir þeim verkefnum og úrbótum sem í gangi eru á vettvangi almannavarna og öryggismála í sveitarfélaginu í kjölfar náttúruhamfaranna síðasta vetur.
- Unnið verði að deiliskipulögum m.a. vegna miðbæjarsvæða á Eskifirði og Balanum á Stöðvarfirði auk forgangsröðun á frekari deiliskipulagsgerð.
- Innleiðing lausna og útfærsla kerfis í kjölfar nýrra laga um móttöku úrgangs.

- Áframhaldandi áhersla á uppbyggingu húsnæðis í Fjarðabyggð með framboði á lóðum auk þátttöku í verkefnum í gegnum Bríeti og Brák á grunni húsnæðisstefnu sveitarfélagsins.
- Áhersla á auknar greiningar og upplýsingagjöf stoðsviða sem nýtast við ákvarðanatöku, eftirfylgni og stefnumótun.
- Unnið að auknu samstarfi atvinnulífs á svæðinu m.a. í tengslum við þróun græns orkugarðs.

Fjarðabyggð er sterkt sveitarfélag bæði í rekstri og þjónustu og hefur alla burði til að vera það áfram. Uppbygging og bjartsýni er almennt ríkjandi í atvinnulífinu og samfélaginu í heild og sóknarfærin því fjölmörg. Ljóst er þó að Fjarðabyggð verður að huga að skipulagi og stefnu sinni þegar kemur að sínum grunnrekstri svo grípa megi tækifærin sem styrkja samfélagið til framtíðar. Það er og það verður áfram gott að búa í Fjarðabyggð.

1. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024 – 2027



Mynd 1 - Frá Stöðvarfirði

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2024 til 2027.

1.1. Forsendur fjárhagsáætlunarinnar

Útgönguspá ársins 2023 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun nokkurra lykilstærða s.s. skatttekjum, auknum launakostnaði, nýrri þjóðhagsspá, fjárfestingum og öðrum rekstrarkostnaði.

Verðlagsforsendur

Tekið er mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í nóvember 2023, um að almenn verðlagsbreyting verði 5,6% á milli árána 2023 og 2024 en almenn nafnverðshækkun launa verði um 6,7% á milli sömu ára.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2025 – 2027 er stuðst við sömu spá um þróun verðlags milli hvers árs, en áhrifin einungis reiknuð á fjármagnsliði. Spá Hagstofu Íslands er um 3,6% hækkun verðlags milli árána 2024 og 2025 og 2,8% milli árána 2025 og 2026 og síðan 2,5% hækkun verðlags milli ára eftir það. Þriggja ára áætlunin byggir á magnbreytingum. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði, afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.

Skatttekjur

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 7.362 milljónum króna. Skatttekjur samanstanda af útsvari, staðgreiðslu, framlögum Jöfnunarsjóðs, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar verður vikið að einstökum liðum skatttekna hér að neðan.

Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,74%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri, fjárfestingum og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að laun í Fjarðabyggð hækki almennt í samræmi við almenna launaþróun eða um 6,7% frá árinu 2023. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski á Íslandi, sveiflur í veiðum, sölu

eða verðum hafa því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Mikil óvissa er um veiðiheimildir í loðnu á árinu 2023 og í spánni er tekið tillit til þessarar óvissu en miðað við að veiðar haldist lítt breyttar í öðrum tegundum uppsjávarfisks. Gert er ráð fyrir að staðgreiðslutekjur vaxi um 12,8% á árinu 2024 frá upphaflegri áætlun ársins 2023 en tekjurnar hækki um 6,1% frá spá um staðgreiðslutekjur á árinu 2023. Mat á spá fyrir útsvarstekjum er varfærin en getur mögulega lækkað ef engin loðnuveiði verður leyfð á árinu 2024.

Ekki er reiknað með eftir á álagningu útsvars vegna ársins 2023 í útsvarstekjum ársins 2024. Eftirá álagning nam um 170 milljónum króna á árinu 2023.

Fasteignaskattar og lóðaleiga

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis verði óbreytt milli ára eða 0,424%. Álagningarhlutfall lóðaleigu, á opinbert húsnæði og atvinnuhúsnæðis verði einnig óbreytt á milli ára.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðaleigu er byggt á útgefnu fasteigna- og lóðamati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2024. Samkvæmt útgefnu mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 22%, en matsstofn lóðaleigu íbúðarhúsnæðis hækkar um 21%. Matsstofn atvinnuhúsnæðis hækkar um 4,8% og matsstofn lóðaleigu atvinnuhúsnæðis um 5,9%. Samtals nemur hækkun tekna af fasteignaskatti um 11,7% og lóðaleigu um 10,9%, vegna breytinga á fasteignamatsstofni og álagningarhlutfalli.

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði óbreytt eða 0,424%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%.
- álagningarhlutfall lóðaleigu íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,70%.
- álagningarhlutfall lóðaleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur og lóðaleigu um tæpar 88 milljónir króna frá árinu 2023 eða um 11,6%. Áætlað er að hækka veittan afslátt til elli- og örorkuþega af fasteignaskatti á árinu 2024 í samræmi við þróun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og launa og að afslátturinn nemi rúmum 23 milljónum króna. Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 38 milljónir króna á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að framlög frá Jöfnunarsjóði á árinu 2024 verði í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins fyrir árið 2024 eða árið 2023 eftir því hvort fyrir liggur áætlun hjá sjóðnum og nemi samtals 1.520 milljónum króna á árinu, að meðtöldu 310 milljón króna framlagi vegna málefna fatlaðs fólks. Framlög Jöfnunarsjóðs eru almennt haldin mikilli óvissu og því erfitt að áætla þau.

Vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps á árinu 2018 var gert samkomulag við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um sérstök sameiningarframlög. Framlög þessi og greiðslur þeirra eru háð framvindu verkefna eða ráðstöfun framlaganna. Framlagið nemur um 70 milljónum króna á ári fram til ársins 2024.

Aðrar fasteignatengdar tekjur

Vatnsgjald:

Álagningu vatnsgjalds lækkar á árinu 2024. Fasta gjald vatnsveitu verður 4.721 krónur og fermetragjald 386 krónur, lækkunin nemur um 15%. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 170 milljónir króna og lækka um 21 milljónir í krónum frá árinu 2023 eða um 11%. Lækkun vatnsgjalds er áætlað að mæta hækkun á

fráveitugjaldi þannig að heildarálagning beggja gjaldanna leiði ekki til hlutfallslegrar breytingar á stöðu gjaldanna.

Fráveitugjald:

Fráveitugjald mun hækka á árinu og verður 0,3232% af fasteignamatsstofni. Tekjur af fráveitugjaldi eru áætlaðar um 271 milljónir króna á árinu 2024 og hækka um 74 milljónir í krónum talið vegna breytingar á fasteignamatsstofni, eða um 37,2%. Breytingin er ætluð til að fjármagna auknar fjárfestingar í fráveitumálum.

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjald:

Áætlað er að sorphreinsunar- og sorpförgunargjald hækki um 35% á árinu 2024 vegna aukins kostnaðar við sorphirðu, sorpmeðhöndlun og sorpeyðingu. Gjald fyrir sorphreinsun verður 45.152 kr. og 31.050 kr. fyrir sorpförgun. Hækkun tekna er áætluð um 47 milljónir króna.

Gjaldskrár

Fjárhagsáætlunin byggir á að almenn hækkun þjónustutekna Fjarðabyggð verði 5,8% á árinu 2023. Spá um verðlagsþróun milli ára gerir ráð fyrir um 5,6% hækkun samkvæmt þjóðhagsspá og almenn launabreyting nemi 6,7% á árinu 2024 frá árinu 2023. Nokkrar gjaldskrár Fjarðabyggðar mun breytast á annan hátt og hækka frekar vegna kostnaðarauka við rekstur þjónustunnar. Það er markmið sveitarfélagsins að standast samanburð við önnur sveitarfélög þegar kemur að gjaldskrár vegna þjónustu sveitarfélagsins. Skólamáltíðir í grunnskólum og leikskólum urðu gjaldfrjálsar frá og með skólaárinu 2021 - 2022.

Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2024 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjar- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Mikil óvissa ríkir um komandi kjarasamninga og þess vegna eru teknar til hliðar um 504 milljónir króna í óviss útgjöld til að mæta mögulegum breytingum vegna komandi kjarasamninga auk síðan 80 milljónum króna vegna mögulegra veikindalauna. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 6.233 milljónir króna hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2024, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindinga.

Almennir rekstrarliðir

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta, utan afskrifta, nemi samtals 2.831 milljónum króna á árinu 2024. Gert er ráð fyrir framlagi úr A hluta til Félagslegra íbúða að fjárhæð 20 milljónir vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.

Fjármagnsliðir

Verðbólga er áætluð 8,7% milli árána 2022 og 2023 og 5,6% á milli árána 2023 og 2024 og síðan er gert ráð fyrir er um 3,6% hækkun verðlags milli árána 2024 og 2025, 2,8% milli árána 2025 og 2026 og síðan 2,5% hækkun verðlags milli ára eftir það í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í nóvember 2023. Fjarðabyggð skuldar ekki lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum. Langtímalán innan samstæðu, þ.e. á milli A og B hluta, eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir

viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir. Vaxtakostnaður í áætluninni miðast við núverandi vaxtakjör á skuldbindingum.

Lántaka

Til að fjármagna fjárfestingar Fjarðabyggðar á komandi árum, bæði í A og B hluta, er ekki gert ráð fyrir að taka önnur langtímalán en hjá Ofanflóðasjóði á árunum 2024 - 2027:

	Spá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Skammtímalán	0			0	
Lántaka til fjárfestinga	500.000	0	0	0	0
Lántaka hjá Ofanflóðasjóði	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000
Samtals lántaka	520.000	20.000	20.000	20.000	20.000

Lántaka hjá Ofanflóðasjóði tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir og er sú lántaka Fjarðabyggð mjög hagstæð.

1.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2024 nema samtals 968 milljónum króna í A hluta og B hluta. Heildar-fjárfesting næstu fjögurra ára er áætluð tæplega 3,5 milljarðar króna og þar af um 1.115 milljónir króna í A hluta að meðtöldum fjárfestingu í stofnframlögum til húsnæðisfélaga við byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir tekju- og eignalága.

	Fjárfesting 2024	Fjárfesting 2025	Fjárfesting 2026	Fjárfesting 2027
A hluti:				
Fasteignir og önnur mannvirki				
Lúðvíkshús, skjalasafn.....	25.000	0	0	0
Leikskólinn Dalborg, stækkun og breytingar.....	100.000	120.000	0	0
Gamli banaskólinn Eskifirði - lóðaframkvæmd.....	10.000	20.000	0	0
Nesskóli, lóð.....	0	0	20.000	20.000
Nesskóli, klæðning ofl.....	0	0	85.000	0
Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði, þakklæðning.....	0	0	20.000	0
Grunnskólinn á Reyðarfirði, klæðning og gluggar.....	40.000	40.000	60.000	0
Ofanflóðavarnir á Eskifirði.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Óráðstafað.....	0	0	0	160.000
Tækjamiðstöðin.....	60.000	35.000	30.000	35.000
	245.000	225.000	225.000	225.000
Gatnaframkvæmdir óstaðsettar.....	30.000	30.000	30.000	30.000
Hjóla- og göngustígar.....	10.000	15.000	15.000	15.000
Leiksvæði.....	10.000	10.000	10.000	10.000
Gatnagerðargjöld.....	(30.000)	(30.000)	(30.000)	(30.000)
	20.000	25.000	25.000	25.000
A hluti samtals.....	265.000	250.000	250.000	250.000

B hluti:

Hafnarsjóður

Norðfjarðarhöfn.....	0	0	0	215.000
Fáskrúðsfjarðarhöfn.....	210.000	0	0	0
Eskifjarðarhöfn.....	165.000	0	0	0
Mjóeyrarhöfn.....	30.000	400.000	400.000	180.000
Tæki.....	15.000	15.000	15.000	15.000
Grjótvarnir og ófyrirséð.....	30.000	35.000	35.000	40.000
Hafnarsjóður samtals.....	450.000	450.000	450.000	450.000

Veitur og önnur

fyrirtæki

Hitaveita Fjarðabyggðar.....	60.000	10.000	10.000	10.000
Fráveita.....	70.000	60.000	60.000	60.000
Vatnsveita.....	30.000	30.000	30.000	30.000
Félagslegar íbúðir.....	50.000	15.000	10.000	10.000
Sorpmiðstöð.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Veitur og önnur fyrirtæki samtals.....	215.000	120.000	115.000	115.000

Samtals A og B hluti.....	930.000	820.000	815.000	815.000
---------------------------	---------	---------	---------	---------

Fjárfesting í félögum

Veitt stofnframlög til húsnæðisfélaga.....	53.000	31.000	16.000	0
--	--------	--------	--------	---

Allar tölur í þúsundum króna. Árin 2025 - 2027 er stefnumörkun um fjárfestingar en ekki bindandi ákvörðun

1.3 Lykiltölur fyrir árin 2024 – 2027

Hér að neðan er tafla sem lýsir afkomutölum og reiknuðum stærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árin 2024 til 2027, bæði fyrir A hluta og samstæðu, í samanburði við ársreikning Fjarðabyggðar fyrir árin 2021 og 2022 og vænta útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir

A hluti:	Ársreikn. 2021	Ársreikn. 2022	Útgöngu-spá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrarniðurstaða	(434.970)	(373.346)	(79.281)	109.363	119.829	157.864	167.790
Framlegð sem hlutfall af tekjum	2,4%	4,9%	8,8%	9,7%	9,0%	9,0%	9,0%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum	5,8%	6,7%	9,8%	9,8%	9,0%	9,1%	9,2%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.	1,1	1,2	1,9	2,5	2,1	2,1	2,0
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum	4,6%	3,2%	4,5%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum	5,1%	5,8%	2,9%	2,3%	2,2%	2,2%	2,2%
Endurgreiðslutími skulda.....	27	27	27	34	31	30	28
Veltufjárhlfall.....	0,3	0,3	0,4	0,4	0,4	0,4	0,5
A + B hluti:	Ársreikn. 2021	Ársreikn. 2022	Útgöngu-spá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrarniðurstaða	225.068	28.473	288.819	552.339	593.470	659.844	680.100
Framlegð sem hlutfall af tekjum	13,9%	13,2%	15,5%	15,8%	15,3%	15,3%	15,3%

Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum	14,7%	13,7%	16,1%	15,9%	15,4%	15,8%	16,0%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.	1,7	2,1	2,8	3,9	3,6	3,6	3,5
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum	4,5%	3,2%	4,7%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum	11,5%	12,2%	7,6%	8,5%	7,8%	8,0%	8,4%
Endurgreiðslutími skulda.....	13	18	19	25	23	22	20
Veltufjárhlutfall.....	0,6	0,6	0,8	0,8	0,8	0,9	1,0

Háar afborganir af langtímalánum skýra að mestu að veltufjárhlutfall Fjarðabyggðar er áætlað um 0,6 í árslok 2022 en síðan fara afborganir langtímalána lækkandi og þar með hækkar veltufjárhlutfallið í um 1 í árslok 2027.

Eitt skilyrða sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði nær Fjarðabyggð öll árin fyrir samstæðuna í heild en ekki fyrir A hluta á árunum 2022 - 2024.

Framlegð af tekjum samstæðu samkvæmt þessari fjárhagsáætlun munu haldast í kringum 15 - 16% á áætlunartímanum. Framlegð af tekjum A hluta verður á áætlunartímabilinu í kringum 9%.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 2022 um 14% og verður um 16 % árin 2023 – 2027.


Fjárfestingar sem hlutfall af skuldum verður um 7 - 8% árin 2024 – 2027. Meðalendurgreiðslutími skulda, þ.e. afborganir deilt með heildarskuldum í lok árs, verður um 19 - 25 á ár áætlunartímabilinu.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta lækkar úr um 114% á árinu 2021 niður í um 91% árið 2027. Nánar má sjá þróun skuldahlutfalls í töflu og á mynd hér að neðan. Skuldahlutfall A hluta fer lækkandi og síðan stöðvast vegna aukningar í skuldum A hluta við B hluta fyrirtæki.

	2021	2022	2023*	2024*	2025*	2026*	2027*
Skuldahlutfall A+B hluta	114,2%	116,1%	110,2%	101,3%	98,7%	94,9%	90,9%
Skuldahlutfall A hluta	146,7%	145,3%	139,5%	131,7%	132,1%	131,1%	129,9%

* Samkvæmt áætlun




Skuldaviðmið

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum.

Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið samstæðu A og B hluta, eins og það er skilgreint í sveitarstjórnarlögum og í reglugerð nr. 502/2012, lækki frá um 88% í árslok 2021 í um 63% í árslok 2027. Skuldaviðmið A hlutans lækkar frá um 115% í árslok 2022 niður í um 92% árið 2027.


	2021	2022	2023*	2024*	2025*	2026*	2027*
A+B samstæða							
Skuldaviðmið A+B hluta	88,2%	89,9%	83,5%	76,2%	72,8%	68,0%	62,7%
Skuldaviðmið A hluta	115,6%	113,0%	105,9%	99,2%	98,0%	95,3%	92,1%
Hámark skuldaviðmiðs	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%

* Samkvæmt áætlun



Skuldir og skuldbindingar

Hér að neðan er mynd sem lýsir þróun skulda og skuldbindinga Fjarðabyggðar á árunum 2022 - 2027 samkvæmt ársreikningi ársins 2022, útgönguspá ársins 2023 og tillögu að fjárhagsáætlun árána 2024 - 2027. Gert er ráð fyrir að langtímalán við lánastofnanir lækki frá árinu 2022 úr rúmum 5,3 milljörðum króna niður í 4,4 milljarða króna í árslok 2027 á verðlagi hvers árs. Lífeyrisskuldbindingar muni hækka frá tæpum 3,5 milljörðum króna í árslok 2022 og nema um 3,6 milljörðum króna í árslok 2027. Skammtímaskuldir lækka frá árinu 2022 um tæpar 237 milljónir króna og nema tæpum 1,8 milljarði króna í árslok 2027.




Tekjuþróun Fjarðabyggðar

Tekjur Fjarðabyggðar hafa breyst nokkuð á undanförunum árum og munu breytast á árunum 2023 og 2024. Hér að neðan tafla sem lýsir þróun tekna samstæðu Fjarðabyggðar.

Skatttekjur munu í krónum talið vaxa um 1,8 milljarð króna frá 2019 til 2024 á verðlagi hvers árs. Jöfnunarsjóðsframlög hafa sveiflast á tímabilinu en í heildina hækkað á tímabilinu um 136 milljónir króna á árinu 2024 frá árinu 2019, breytingin stafar af breytingum í málaflokki fatlaðra, séstöku sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps sveiflum í útgjaldajöfnunarframlagi.

Aðrar tekjur taka töluverðum breytingum vegna sölu á Rafveitu Reyðarfjarðar á árinu 2020 og afhendingu rekstrar hjúkrunarheimilanna Uppsalir og Hulduhlíð til Heilbrigðisstofnunar Austurlands í maí á árinu 2021. Sala á íbúðum úr Félagslega íbúðarkerfinu hefur einnig áhrif á aðrar tekjur þó mun minni séu. Allar þessar stofnanir voru/eru B hluta fyrirtæki Fjarðabyggðar. Áætlað er að aðrar tekjur muni aukast um 323 milljónir króna á verðlagi hvers árs á milli áruna 2019 til 2024. Aðrar tekjur breytast því nokkuð í samstæðunni þrátt fyrir mikla tekjuaukningu t.d. hjá Fjarðabyggðahöfnum.



2. Fjölskyldusvið



Mynd 2 - Knattspyrnuleikur á knattspyrnuvelliðum í Neskaupstað

Stjórnskipulagi fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar var breytt árið 2019 og var fjölskyldusviðið þá sameinað undir stjórn eins sviðsstjóra. Nú eru fjórir málaflokkar innan fjölskyldusviðs, þ.e. félagsþjónustu- og barnaverndarteymi, fræðsluteymi, stoð- og stuðningsþjónustuteymi og tómstunda og íþróttateymi. Markmið alls starfs fjölskyldusviðs er að Fjarðabyggð verði enn betri staður fyrir allar fjölskyldur. Fjölskyldusvið mun vinna skipulega að samhæfingu starfseminnar með fjölbreyttum úrræðum í þjónustu við skóla, íþróttastofnanir og samfélagið í heild.

Á árinu 2022 hóf fjölskyldusvið innleiðingu þjónustu í þágu farsældar barna í samræmi við nýja löggjöf. Þar sem forvarnarteymið Sprettur var þegar starfandi í leik- og grunnskólum var stórum hluta innleiðingar forvarna í anda laganna lokið. Til viðbótar við Sprett bættust síðan tengiliðir í hvern skóla og innan félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Hlutverk tengiliða er að leiðbeina og aðstoða börn og foreldra að nýta þá grunnþjónustu sem þörf er á. Árið 2023 var fjórða starfsár Sprettis og hefur starfið gengið vel og fengið jákvæðar umsagnir þeirra sem hafa notið þjónustunnar. Allir málaflokkar sviðsins koma að skipulagi, innleiðingu og starfi innan teymisins með öðrum hlutaðeigandi aðilum eins og heilbrigðisþjónustu Austurlands og starfsfólki skóla. Hugmyndafræði forvarnarteymisins Sprettis er í anda nýrra laga að þetta frekar samstarf við aðrar þjónustustofnanir og einstaklinga sem koma að málefnum barna og fjölskyldna.

Á árinu var Fjarðabyggð undir merkjum fjölskyldusviðs valið til þátttöku í tilraunaverkefninu Gott að eldast sem Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið standa að. Megin þungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.

Á árinu 2023 voru stofnaðir tveir stórir starfshópar til að greina þjónustu á sviðinu. Annars vegar var um ræða starfshóp um fræðslumál sem hefur það að markmiði að rýna rekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla Fjarðabyggðar með það fyrir augum að auka rekstrarlega samlegð og bæta faglegt starf. Vinna hópsins er hafin, og gert ráð fyrir að tillögur frá hópnum liggi fyrir á vordögum 2024. Hins vegar var stofnaður starfshópur til að rýna vel viðhaldspörf íþróttamannvirkja og móta framtíðarstefnu í íþróttamálum í Fjarðabyggð. Sá hópur er nú á lokametrunum í sinni vinnu, og gert er ráð fyrir að hann skili sínum niðurstöðum í lok desember 2023.

2.1 Félagsþjónusta


Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp, eins og kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Leitast er við að tryggja íbúum félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé alltaf ljós og einstaklingum sé ekki mismunað.

Verkefni félagsþjónustunnar eru skilgreind í hinum ýmsu sérlögum auk áðurnefndra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Helstu verkefni félagsþjónustunnar eru:

- a) Barnavernd,
- b) Þjónusta við eldra fólk og öryrkja, t.d. með heimaþjónustu og félagslegum stuðningi,
- c) Þjónusta við fatlað fólk,
- d) Þjónusta við börn og ungmenni og
- e) Fjárhagsaðstoð.

Fjarðabyggð sem sveitarfélag býr við þá sérstöðu að hér búa einstaklingar frá mörgum og ólíkum menningarheimum. Í grunnskólum Fjarðabyggðar eru um 20% nemenda með íslensku sem annað tungumál. Í skólunum sem og í samfélaginu öllu er lögð áhersla á að mæta einstaklingunum þar sem þeir eru staddir. Við byggjum hugmyndafræði félagsþjónustunnar á samfélagi, jafnt og skóla fyrir alla.

Liður í almennri félagsþjónustu er fjárhagsaðstoð. Það sem af er árinu 2023 hefur umsóknum fjölgað talsvert frá árunum 2021-2022 sem þá hafði fækkað nokkuð frá árunum á undan. Á súluritinu hér að ofan má sjá þróun í fjölda umsókna um fjárhagsaðstoð á árunum 2019 - 2023.



Barnavernd

Um áramót 2022/2023 tóku gildi breytingar sem gerðar voru á barnaverndarlögum 2023. Þær breytingar höfðu m.a.í för með sér að barnaverndarnefndir voru lagðar niður og í staðin stofnuð svokölluð umdæmisráð. Að meginstefnu til eru umdæmisráðum barnaverndar falin þau verkefni sem barnaverndarnefndir fara með að gildandi lögum og hafa ekki heimildir til að framselja til starfsmanna. Umdæmisráð eru skipuð þremur ráðsmönnum, til fimm ára í senn, sem hafa ákveðna fagþekkingu, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðingi og lögfræðingi. Umdæmisráðin eru sjálfstæð í störfum sínum, standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga og ráðsmenn taka ekki við fyrimælum um meðferð einstakra mála. Á landinu eru starfandi fjögur umdæmisráð. Einnig voru gerðar breytingar er varða fjölda íbúa og kveðið á um að það séu í það minnsta 6.000 íbúar að baki hverri barnaverndarþjónustu. Samningur var gerður um sameiginlega barnverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og tók hann gildi 1. mars 2023. Aðilar munu endurskoða samninginn fyrir 31. desember 2023 til að meta hvort forsendur hafi breyst.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu taka á móti barnaverndartilkynningum, sjá um kannanir barnaverndarmála og meðferð þeirra. Auk þess sinna starfsmenn barnaverndarþjónustu umsagnarmálum, m.a. vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar og stuðningsfjölskyldur. Þá koma starfsmenn barnaverndar einnig að Spretti, þverfaglegu forvarnarteymi sem starfar í nánú samstarfi við aðra fagaðila sem tengdir eru málefnum barna.


Starfsmenn barnaverndarþjónustu sinna framangreindum málum f.h. barnaverndarnefndar, með vísan til reglna nefndarinnar um framsal valds til starfsmanna skv. 14. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarþjónustan heldur vikulega meðferðarfundi þar sem afstaða er tekin til barnaverndartilkynninga, barnaverndarmálum er úthlutað og ákvarðanir eru teknar varðandi vinnslu þeirra. Í barnavernd starfa í dag, auk stjórnanda, þrír starfsmenn.

Barnaverndarnefndarþjónustu Fjarðabyggðar og sveitarfélagsins Hornafjarðar ber að hafa til umráða úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 652/2004. Í því felst m.a. að til staðar séu heimili sem geta veitt börnum móttöku í bráðatilvikum skv. 84. gr. barnaverndarlaga, stuðningsfjölskyldur, tilsjónaraðilar og persónulegir ráðgjafar. Mismunandi er á hverjum tíma hversu margir sinna framangreindri vinnu fyrir sveitarfélagið.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu sitja í nemendaverndarráðum grunn-, leik- og framhaldsskóla Fjarðabyggðar. Reglulega eru haldnir fræðslu- og kynnisfundir fyrir starfsfólk skólanna um feril og gang barnaverndarmála. Barnaverndarþjónustan á einnig gott samstarf við lögreglu, heilsugæslu og aðra fagaðila.

Hægt er að ná í starfsmenn barnaverndarþjónustu allan sólarhringinn vegna neyðartilvika í gegnum 112 og lögreglu.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar Fjarðabyggðar hefur fækkað síðastliðin ár líkt og sjá má í töflunni hér að neðan. Undanfarin 3 ár má sjá fækkun tilkynninga og mála á sama tíma og vinna í forvarnarteyminu Spretti hófst.



Þjónusta við eldra fólk og öryrkja


Forstöðumaður stuðnings- og heimaþjónustu hefur umsjón með þjónustu við eldra fólk og öryrkja. Hann ber ábyrgð á daglegri stjórnun, mati, skipulagningu og framkvæmd þjónustu við alla þá sem þurfa á stuðningi að halda í leik og starfi og til að geta búið sem lengst heima. Forstöðumaður hefur einnig umsjón með úthlutun þjónustuíbúða fyrir eldra fólk í Breiðabliki, Neskaupstað.

Markmið þjónustunnar er að allir geti búið á heimilum sínum eins lengi og unnt er og að þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem hentar þörfum hvers og eins. Þar er jafnréttis gætt við alla íbúa og sjálfsákvörðunarréttur virtur.

Stuðningurinn felst m.a. í heimaþjónustu og félagslegum stuðningi (innan heimilis og í nærumhverfi), félagslegri ráðgjöf, heimsendingu matar, aksturþjónustu, dagvist aldraðra í Breiðdal ásamt öðrum stuðningi við félags- og tómstundastarf. Því til viðbótar rekur Fjarðabyggð þjónustuíbúðir fyrir aldraða í Breiðabliki, Neskaupstað.

Í Fjarðabyggð búa 5.262 einstaklingar og meðalaldur íbúa eru 38 ár. Til samanburðar var íbúafjöldi í Fjarðabyggð (Breiðdalshreppur meðtalinn) árið 2010, 4.851 einstaklingar og meðalaldurinn 36,4 ár. Samfélagið er að eldast og stuðningsþarfir einstaklinga aukast í takti við það. Hér að neðan er mynd er lýsir hlutfallslegri skiptingu fólks sem eru 65 ára og eldri eftir byggðakjörnum Fjarðabyggðar

HLUTFALL AF ÍBÚUM HVERS SVÆÐIS Í FJARÐABYGGÐ 65 ÁRA OG ELÐRI 2022




Á hverjum tíma eru um 130-145 eldri einstaklingar og öryrkjar að fá ýmiskonar stuðningþjónustu frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.

Árið 2022 var stuðnings- og heimaþjónusta veitt til 143 eldri einstaklinga og öryrkja í Fjarðabyggð.

Sem dæmi um aukna stuðningsþjónustu má nefna aukna eftirspurn eftir heimsendum mat. Í ágúst 2022 voru 40 einstaklingar með heimsendan mat, samtals 833 matarbakka. Í ágúst 2023 voru 46 einstaklingar með heimsendan mat, samtals 1072 matarbakka.

Hér að neðan er tafla sem lýsir þróun fjölda einstaklinga í heimaþjónustu Fjarðabyggðar 2019 - 2022.



Þjónusta við fatlað fólk


Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fullgiltur var á Íslandi, árið 2016 er leiðarljós Fjarðabyggðar í þjónustu við fatlað fólk.

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir. Þjónustan miðar að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.

Helstu þættir í þjónustu við fatlað fólk á vegum Fjarðabyggðar er einstaklingsbundin stuðningsþjónusta innan og utan heimilis, ráðgjöf og fræðsla til skóla og fjölskyldna, sólarhringsþjónusta í búsetuþjónustu, þjónusta stuðningsfjölskyldna og akstursþjónusta. Lengd viðvera er í boði fyrir fötluð börn auk vetrarfrístundar í lengri fríum grunnskólanna.

Á fjölskyldusviði starfar fagteymi um málefni fatlaðs fólks sem hefur m.a. það hlutverk að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og gæta þess að þjónusta við fatlað fólk sé í samræmi við þjónustuþarfir og gildandi lög og reglugerðir.

Árið 2022 bjuggu 19 einstaklingar á aldrinum 1 – 67 ára með umfangsmiklar stuðningsþarfir í Fjarðabyggð. Þar af voru 11 börn. Árið 2023 búa 25 einstaklingar á aldrinum 1-67 ára með umfangsmiklar stuðningsþarfir í Fjarðabyggð. Þar af eru 13 börn. Hér að neðan er tafla sem lýsir þróun síðust tveggja ára á myndrænan hátt.



Umfangsmiklar stuðningsþarfir eru skilgreindar út frá stöðluðu mati á stuðningsþörfum (SIS–C og SIS–A). Þjónusta samkvæmt því er sú þjónusta sem er umfram það sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og/eða innan annarrar grunnþjónustu.

Snemmtæk íhlutun og samþætting þjónustu


Í fyrsta sinn er kveðið á um samræmda mælikvarða sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna á þrjú þjónustustig. Með samræmdri stigskiptingu fæst yfirsýn yfir þjónustukerfi og mynd af því hvernig hægt er að tryggja skilvirka og samfellda þjónustu við hæfi allra barna.

- Fyrsta stigs þjónusta er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum og einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns.
- Annars stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns.
- Þriðja stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin.


Skylt verður að flokka og skilgreina alla þjónustu í þágu farsældar barna með hliðsjón af þessum skilgreiningum.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar hefur unnið að innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu til farsældar barna. Í Fjarðabyggð er starfandi innleiðingarteymi farsældar sem leiðir þá vinnu

Sprettur er þverfaglegt forvarnarteymi sem hefur það að markmiði að grípa fljótt inn í vanda barna, veita stuðning og úrræði í nærumhverfi barnsins, samþætta þjónustu og úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra og að valdefla fjölskyldur barna í vanda. Í Spretti er stofnað einstaklingsmiðað teymi foreldra og fagfólks (og barns þegar við á) sem vinna að sameiginlegum markmiðum og leiðum að bættri stöðu barnsins. Fagteymi fjölskyldusviðs (Sprett-teymið) hefur reglulega aðsetur í Grunnskólum Fjarðabyggðar og þjónustar þá bæði leik- og grunnskóla með teymisvinnu og ráðgjöf. Hér að neðan er mynd sem lýsir þróun málafjölda í Spretti.



Starf Sprett-teymisins hefur gengið vonum framár árið 2023 og fjölgar enn málum sem vísað er til teymisins.



Barnvænt sveitarfélag

Fjarðabyggð vinnur að því að verða barnvænt sveitarfélag. Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnýslu og starfsemi. Verkefnið er í umsjá UNICEF á Íslandi sem veitir ráðgjöf og fræðslu en deildarstjóri tómstunda og forvarnarmála heldur utan um innleiðingu verkefnisins í Fjarðabyggð. Innleiðingarhringur Barnvænna sveitarfélaga inniheldur átta skref og það tekur að lágmarki tvö ár að ljúka við fyrsta hringinn. Að honum loknum heldur sveitarfélag, sem ætlar sér að viðhalda viðurkenningunni, innleiðingunni áfram og setur sér ný markmið. Skrefin eru: staðfesting, stöðumat, fræðsla, aðgerðaráætlun, framkvæmd, skýrsla, mat og viðurkenning og loks ný markmið og endurmat. Fjarðabyggð er að ljúka við stöðumatið sem er jafnframt umfangsmesta skref verkefnisins. Í stöðumatinu eru leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir lagðar fyrir nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar auk starfsfólk Fjarðabyggðar, ungmennaping var haldið og tekin voru viðtöl við ákveðna sérfræðihópa barna. Í Fjarðabyggð var ákveðið að taka viðtöl við börn af erlendum uppruna. Næsta skref er að taka saman niðurstöður úr stöðumatinu og er hlutverk sveitarfélagsins að forgangsraða því sem fram kemur og reyna að verða við þeim ábendingum sem fram koma. Í aðgerðaráætlun þar svo að vísa í niðurstöður stöðumatsins, hvað er það sem veldur því að sveitarfélagið ákveður að fara í tiltekna aðgerð.



2.2. Fræðslumál





Mynd 3 - Börn úr Leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði

Undir fræðslumál fellur skólaþjónustan og málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla. Skólaþjónustan samanstendur af stjórnanda fræðslumála og skólaþjónustu, kennsluráðgjafa, og tveimur sálfræðingum. Leikskólarnir eru fjórir en auk þess eru tvær leikskóladeildir í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla, í sitt hvorum byggðarkjarnanum. Skólarnir bjóða upp á nám fyrir 1–5 ára nemendur. Samtals er gert ráð fyrir um 300 nemendum í leikskólunum þegar mest er. Í leikskólunum munu starfa um 100 starfsmenn í u.þ.b. 90 stöðugildum. Grunnskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir 6 - 16 ára nemendur og einnig frístund fyrir 6 - 9 ára nemendur. Alls er gert ráð fyrir um 685 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar á árinu 2024. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir um 230 nemendum. Í grunnskólum og frístundaheimilum munu starfa 163 starfsmenn í um 141 stöðugildum. Tónlistarskólarnir eru þrír í Fjarðabyggð og þjóna öllum íbúum Fjarðabyggðar. Í þeim eru um 313 nemendur og þar starfa 18 starfsmenn í um 14 stöðugildum.

Í skólum Fjarðabyggðar starfa því samtals um 277 starfsmenn í 245 stöðugildum. Miða við skiptingu eftir stofnunum þá er gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda nemenda, starfsmanna og stöðugildum:

- Á skrifstofu fjölskyldusviðs bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar starfa fimm starfsmenn í fimm stöðugildum.
- Í leikskólanum Eyrarvöllum á Norðfirði er gert ráð fyrir um 80 nemendum að jafnaði. Í skólanum starfa 32 starfsmenn í um 27 stöðugildum.
- Í leikskólanum Dalborg á Eskifirði er gert ráð fyrir um 56 nemendum að jafnaði. Í skólanum starfa 21 starfsmenn í tæpum 20 stöðugildum.
- Í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði er gert ráð fyrir um 80 nemendum að jafnaði. Í skólanum starfa 28 starfsmenn í tæpum 26 stöðugildum.
- Í leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði er gert ráð fyrir um 35 nemendum að jafnaði. Í skólanum starfa 13 starfsmenn í tæpum 12 stöðugildum.
- Í skólamötuneyti Fáskrúðsfjarðar starfa 3 starfsmenn í 2 stöðugildum.
- Í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla er gert ráð fyrir um 15 leikskólanemendum og 30 grunnskólanemendum. Gert er ráð fyrir að um 3 nemendur nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 20 starfsmenn í tæpum 17 stöðugildum.
- Í Nesskóla er gert ráð fyrir um 200 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 55 nemendur nýti sér þjónustu frístundarheimilis. Í skólanum starfa 41 starfsmaður í um 36 stöðugildum.
- Í Eskifjarðarskóla er gert ráð fyrir um 144 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 40 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 36 starfsmenn í um 29 stöðugildum.

- Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er gert ráð fyrir um 206 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að 60 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 45 starfsmenn í rúmlega 36 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er gert ráð fyrir um 102 nemenda að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 25 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum starfa 25 starfsmenn í rúmum 20 stöðugildum.
- Í Tónskóla Neskaupsstaðar eru um 105 nemendur og þar starfa 7 starfsmenn í tæpum 4,6 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar eru um 113 nemendur og þar starfa 8 starfsmenn í 5,0 stöðugildum.
- Í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru um 95 nemendur og þar starfa 5 starfsmenn í um 4 stöðugildum.



Leikskólar

Innra starf skólanna verður í anda fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar með áherslu á lærdómssamfélagið, Uppeldi til ábyrgðar og snemmtæka íhlutun. Leikskólar Fjarðabyggðar vinna eftir handbók í snemmtækri íhlutun, með áherslu á málþroska og læsi sem unnin var skólaárið 2019-2020 í samvinnu við Menntamálastofnun og Skólaskrifstofu Austurlands. Starfsáætlun leikskólanna tekur mið af áherslum fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar sem sett var til ársins 2025.

Í leikskólunum verður áfram unnið að þróunarverkefninu Virkt lýðræði í leikskóla, sem miðar að því að þjálfa upp lýðræðisleg vinnubrögð s.s. samræður, val, setja sig í spor annarra og finna sameiginlegar lausnir. Samstarf milli skóla verður aukið með notkun tækninnar, m.a. með teams og zoom fundum milli faghópa. Leikskólarnir njóta stoðþjónustu frá Spretti, þverfaglegu teymi í anda farsældarlaganna sérfræðinga frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar og HSA. Um nær þjónustu er að ræða, sem veitt er í öllum byggðarkjörnum í húsnæði leik- og grunnskólanna í Fjarðabyggð.


Við úthlutun á tímamagni er gengið út frá samþykktum úthlutunarreglum. Skipulagsdagar leikskóla verða sex á ári og sumarlokun verður áfram fjórar vikur eða 20 virkir dagar. Skólaár leikskólans er frá 1. ágúst til 31. júlí og frá og með 1. ágúst ljúka þeir nemendur sem byrja í grunnskóla að hausti sinni leikskólagöngu og býðst sumarfrístund þar til grunnskólinn byrjar. Foreldrar munu líkt og undanfarin sumur geta tekið börnin sín í allt að átta vikna langt sumarfrí og gjöld falla niður þann tíma. Sumarfríið þarf ekki að vera samfellt en þarf að vera innan tímabilsins frá 15. maí til 15. september. Sumarlokun leikskólanna verður stillt af þannig að sumarlokun skólanna fimm spanni u.þ.b. tvo mánuði sumarsins.



Mynd 4 - Börn úr leikskólanum Dalborg

Gert er ráð fyrir u.þ.b. 260 börnum í leikskólum Fjarðabyggðar þegar flest er árið 2024. Áfram er gert ráð fyrir leikskóladeild innan Eskifjarðarskóla undir stjórn leikskólastjóra.

Nokkrar breytingar verða gerðar á gjaldskrá leikskólanna. Teknir verða upp skráningardagar þar sem foreldrar þurfa sérstaklega að skrá nemendur í vistun, eru þetta vetrarfrís dagar grunnskólanna, dagarnir í vikunni milli jóla og nýárs ásamt dögnum í dymbilvikunni. Einnig verða leikskólagjöld tengd tekjuviðmiði og geta heimili sem falla undir sett tekjuviðmið sótt um 30% afslátt af almennum gjöldum. Kemur það í stað afsláttar fyrir einstæða foreldra og námsfólk. Almenn vistun verður á tímabilinu 08:00-16:00 en viðbótar-vistun verður fyrir kl. 08:00 og eftir kl. 16:00. Gjald vegna viðbótarvistunar reiknast nú fyrir hverjar 15 mínútur í gjaldskrá og er það tvöfalt tímagjald en áður var níunda dvalarstundin með tvöföldu gjaldi. Leikskólagjöld munu hækka um 7,7% og fæðisgjald um 4,9% í gjaldskrá leikskólanna, en hádegisverður er áfram gjaldfrjálss í leik- og grunnskólum.



Grunnskólar

Við úthlutun á tímamagni til grunnskóla og frístundaheimila er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Innra starf skólanna verður í anda fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar, þar sem áhersla er lögð á lærdómssamfélagið, snemmtæka íhlutun og Uppeldi til ábyrgðar. Starfsáætlun grunnskólanna mun svo einnig taka mið af áherslum fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar sem sett var til ársins 2025. Meðal verkefna sem unnið verður að innan skólanna er upplýsingatækni, teymiskennsla, leiðsagnarnám sem og samþætting námsgreina. Einnig eru margir skólar farnir að leggja aukna áherslu á útikennslu og verður áfram haldið að efla hana.

Allir grunnskólar Fjarðabyggðar hafa nú tekið upp aðferðafræði byrjendalæsis við læsiskennslu í 1. - 4. bekk. Miðað er að því að efla áfram samstarf milli skóla með notkun tækninnar, teams og zoom funda milli faghópa. Grunnskólarnir njóta stoðþjónustu frá Spretti, þverfaglegu teymi sérfræðinga frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar og HSA. Um er að ræða nær þjónustu í anda Farsældarlaga, sem veitt er í öllum byggðarkjörnum, í húsnæði leik- og grunnskólanna í Fjarðabyggð.




Mynd 5 - Skapandi nám í Nesskóla

Unnið verður að því að styrkja skapandi nám í tengslum við Menningarstofu Fjarðabyggðar. Samstarfi grunnskólanna og Verkmenntaskóla Austurlands um verklega kennslu fyrir nemendur í níunda og tíunda bekk verður haldið áfram. Leiðtogaráð hefur verður stofnað í hverjum skóla, en markmið þess er að þjálfar nemendur í að verða jákvæðir leiðtogar í skólunum sem og í samfélaginu.

Gert er ráð fyrir um 685 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar árið 2024. Skólamáltíðir nemenda verða gjaldfrjálstar

en gjaldskrá frístundaheimila hækkar um 7,7%. og verða gjaldliðir (vistun og hressing) sameinaðir í krónutölu á klst.



Tónskólar

Í tónlistarskólum Fjarðabyggðar er stefnt að því að bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám sem fullnægi þörfum sem flestra bæjarbúa. Fjöldi nemenda í tónlistarskólum Fjarðabyggðar er svipaður og síðasta ár. Tónlistarskólarnir munu halda áfram samstarfi í tengslum við samspil nemenda og þátttöku í sveita- og landsmótum. Einnig verða skólarnir í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Austurlands.

Starfsáætlun leikskólanna tekur mið af áherslum fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar sem sett var til ársins 2025. Gert er ráð fyrir 7,7 % hækkun á gjaldskrá í tónlistarskólum.

2.3. Æskulýðs- og íþróttamál



Mynd 6 - Sundlaug Eskifjarðar

Undir æskulýðs- og íþróttamál falla málefni tómstunda- og íþróttamiðstöðva, forvarna og annarra íþróttamála.

Félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru sex og eru þær staðsettar í byggðarkjörnunum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins frá september og fram í maí. Á árinu 2021 var rekstrarfyrirkomulagi félagsmiðstöðva breytt þannig að ráðnir voru tveir tómstunda- og félagsmálafræðingar sem forstöðumannateymi yfir öllum félagsmiðstöðvum Fjarðabyggða. Hugmyndin með þessari skipulagsbreytingu var að þetta enn frekar samstarf á milli félagsmiðstöðva og byggðarkjarna og er í samræmi við óskir þess unga fólks sem sækir félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar. Góð reynsla hefur fengist af skipulagsbreytingunum sem gerðar sem má meðal annars sjá í mætingartölum, en þær hafa farið upp á við sl. ár.

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyra sex íþróttahús í byggðarkjörnunum frá Neskaupstað til Breiðdalsvíkur. Þar af eru fjórar útisundlaugar, á Norðfirði, Eskifirði og Stöðvarfirði. Innisundlaug er á Fáskrúðsfirði. Auk þessa heyrir undir málaflokkun Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðahöllin á Reyðarfirði auk íþróttavella í Fjarðabyggð.


Í félags- og íþróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar starfa um 40-50 starfsmenn, árstíðabundið, í um 30 stöðugildum.

Haustið 2022 var Janusarverkefnið innleitt sem er fjölþætt heilsuefling eldri borgara. Gerður var samningur um verkefnið til tveggja ára með 120 manns í þátttöku. Verkefnið hefur gengið vel en 93% þeirra sem tekið hafa þátt í verkefninu telja sig finna fyrir jákvæðum breytingum á líkamlegri líðan sinni og 79% lýsa jákvæðum áhrifum á andlega líðan.

Félagsmiðstöðvar


Fjarðabyggð rekur sex félagsmiðstöðvar. Atóm á Norðfirði, Knelluna á Eskifirði, Zveskjuna á Reyðarfirði, Hellinn á Fáskrúðsfirði, Stöðina á Stöðvarfirði og PríZund í Breiðdalsvík. Saman kallast þær Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar. Í félagsmiðstöðvunum starfa tveir verkefnastjórar sem sjá um daglegan rekstur og skipulagningu á faglegu starfi auk 13 frístundaleiðbeinenda í tímavinnu. Félagsmiðstöðvar eru opnar að meðaltali tvisvar til þrisvar í viku fyrir unglingastig og einu sinni í viku fyrir miðstig.

Markmið starfsins í félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilmæni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmyndar. Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni sem eiga að höfða til barna og unglinga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggar aðstæður þannig að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni.



Sumarfrístund

Sumarfrístund byggist á útivist, hreyfingu, leikjum og fjöri og er fyrir öll börn í 1. - 4. bekk með búsetu í Fjarðabyggð. Sumarið 2023 fór starfið fram á tímabilinu 7. júní - 18. ágúst með fjögurra vikna sumarfríi í hverjum bæjarkjarna fyrir sig. Eftir sumarfrí leiskólanna áttu börn sem voru að útskrifast úr leikskóla einnig kost á því að sækja um í sumarfrístund og átti það að brúa bilið á milli leikskólaútskriftar og skólasetningar að hausti. Sumarið 2023 bárust um 130 umsóknir í sumarfrístund en það eru töluvert fleiri umsóknir en hafa borist á árunum áður.



Dagskrá sumarsins 2023 var með breyttu sniði frá árunum áður en mikill metnaður var lagður í að skapa skemmtilegt og faglegt starf fyrir börnin. Vikunum var skipt niður í þema og verkefni hvernar viku í anda þess þema sem var í gangi hverju sinni. Bæði foreldrar og börn lýstu yfir ánægju sinni á dagskrá sumarsins.

Reyðarfjörður

Vika 2 - Vatnafjör

	Mánudagur 12. júní	Þriðjudagur 13. júní	Miðvikudagur 14. júní	Fimmtudagur 15. júní	Föstudagur 16. júní
08:00	Mæting	Mæting	Mæting	Mæting	Mæting
09:00	Dundstund	Dundstund	Dundstund	Dundstund	Dundstund
10:00	Vatnsblöðrustríð	Sulldagur	Slökkviliðsheimsókn	Fjörufarð	Vaða og leika úti
11:00					
12:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
13:00	Hvað eru dýrin stór?/ormaveið	Veiðiferð	Vatnaföndur	Bókasafnsferð	Kíkja á andarpollinn
14:00					
15:00	Lokastund	Lokastund	Lokastund	Lokastund	Lokastund
16:00	Heimferð	Heimferð	Heimferð	Heimferð	Heimferð

Birt með fyrirvara um breytingar

Mynd 7 - Dæmi um dagskrá sumarfrístundar 2023

Vetrarfrístund


Boðið er upp á vetrarfrístund fyrir börn í 1. - 6. bekk með langvarandi stuðningsþarfir á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum þegar skólar starfa ekki. Það er á starfsdögum, í vetrar- jóla- og páskafríi. Frístundin er opin frá klukkan 8:00 – 16:00. Um er að ræða stuðning við fötluð börn við athafnir daglegs lífs og í leik og starfi í frístund. Markmiðið er að gera vetrarfrístund að skemmtilegri og þroskandi upplifun fyrir fötluð börn í Fjarðabyggð.

Íþróttamannvirki

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyrja sjö íþróttahús í byggðarkjörnum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur, fjórar útisundlaugar; á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, innisundlaug á Fáskrúðsfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðahöllin og íþróttavellir. Líkamsræktir eru í fjórum íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar, Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og Breiðdal. Á árinu 2023 var settur á laggirnar starfshópur sem ætlað er að meta viðhaldspörf íþróttamannvirkja og móta framtíðarsýn í íþróttamálum í Fjarðabyggð. Áætlað er að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum í árslok 2023.

Veturinn 2023 voru innleidd inn rafræn aðgangsstýring fyrir líkamsræktirnar á Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði þar sem iðkendur komast í rækt utan hefðbundins opnunartíma.

Árið 2022 var innleitt inn aðgangs stýrikerfið Skidata fyrir sundlaugar og líkamsræktir Fjarðabyggðar. Með því kerfi er hægt að hafa sund og ræktarkortið sitt í gegnum QR kóða í síma eða á harðplastkorti. Einnig gefur kerfið innsýn í aðsókn að sundlaugum og líkamsræktum Fjarðabyggðar, aðsóknartölur fyrstu 9 mánuði 2023 má sjá hér fyrir neðan.




Styrkir og framlög til íþróttamála

Styrkir Fjarðabyggðar til íþróttafélaga skiptust í þrennt frá og með ársbyrjun 2022. Um er að ræða gjaldfrjáls afnot íþróttafélaga af íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar, beinan styrk til íþróttafélaga, sem skiptist svo aftur í íþróttastyrki annars vegar og rekstrar- og uppbyggingarstyrki hins vegar.

Heildarstyrkir voru áætlaðir rúmlega 73 m.kr. á árinu 2023, ásamt frístundastyrknum sem er beinn íþrótt- og tómstundastyrkur til barna og ungmenna að upphæð 10.000 krónum. Styrkirnir eru veittir í gegnum Sportabler en það er er greiðslu- og þjónustukerfi sem hjálpar stjórnendum íþróttafélaga við að skipuleggja starfið, taka við greiðslum og skráningum og eiga í samskiptum við þjálfara og foreldra. Einnig gerir kerfið framboð tómstunda- og íþróttastarfs sýnilegra á einum stað fyrir iðkendur og áhugafólk. Fjarðabyggð styrkir allan kostnað Sportabler fyrir íþrótt- og tómstundafélög innan

Fjarðabyggðar. Nýting frístundastyrkja fyrir árið 2022 voru rúmar 3 milljónir af 8,6 milljónum og er nýting frístundastyrkja fyrstu 9 mánuði ársins 2023 3,7 milljónir.


Hlutfallslega skiptingu styrkveitinga á árinu 2023 má sjá hér fyrir neðan.




Áætlaðar styrkveitingar fyrir árið 2024 eru 76,5 m.kr. og gera má ráð fyrir að skiptingin verði svipuð og á árinu 2023.

Íþróttir í Fjarðabyggð


Í Fjarðabyggð eru sex meginfélög; Þróttur Norðfirði, Austri Eskifirði, Valur Reyðarfirði, Leiknir Fáskrúðsfirði, Súlan áStöðvarfirði og Hrafnkell Freysgoði Breiðdal. Samkvæmt Sportabler voru skráðir iðkendur félaganna 910. Í kökuritinu hér að neðan má sjá hlutfallslega skiptingu þeirra.



Þær íþróttir sem eru mest stundaðar í Fjarðabyggð eru fótbolti, blak og sund eða um 86% af íþróttastarfi Fjarðabyggðar eins og sjá má á kökuriti hérna fyrir neðan.



3. Menningar- og safnamál



Mynd 8 - Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði

Stjórnsýslu- og þjónustusvið Fjarðabyggðar fer með menningarmál sveitarfélagsins. Undir málaflokkinn falla bókasöfn, skjala-, mynda- og minjasöfn, félagsheimili og menningarhús, söguritun og varðveisla menningararfs, listaverkaeign, bæjarhátíðir ásamt menningar- og listastarfi. Safnastofnun Fjarðabyggðar sér um rekstur safna málaflokksins og Menningarstofa Fjarðabyggðar annast menningar- og listastarf á víðtækum grunni. Starfsemi sviðsins er grundvölluð á menningarstefnu Fjarðabyggðar.

3.1. Menningarstofa Fjarðabyggðar


Menningarstefna sveitarfélagsins er grundvöllur starfs menningarstofu í aðferðarfræði og framkvæmd menningarstarfs. Menningarstofan er með samning við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um þróun tónlistarstarfs og er ein af þremur skilgreindum menningarstofnunum á Austurlandi. Stofan hefur umsjón með fræðaíbúð í Jensenshúsi. Menningarstofa á samstarf við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu ásamt styrkjasjóðum um fjármögnun verkefna á sviðum lista og menningar.

Unnið er eftir verkefnaáætlun sem byggir á aðgerðaráætlun menningarstefnu sem kallar á samhæfingu og samstarf með stofnunum sveitarfélagsins. Menningarstefna er í endurskoðun og verður henni lokið á árinu með það að markmiði að efla menningar- og listastarfs. Menningarstofa stendur fyrir listahátíð

annað hvort ár og verður haldin á árinu 2024. Stofan stendur m.a. fyrir skapandi sumarstörfum þar sem ungmenni geta unnið að listsköpun sinni ásamt því að bjóða uppá listasmiðjur yfir sumarið fyrir börn. Þá eru verkefni tengd barnamenningu unnin í samstarfi við skóla undir verkefnaheitinu BRAS á hverju hausti. Stuðlað er að góðu og fjölbættu framboði á tónlist en Menningarstofa býður fram aðstoð við tónlistarmenn og leggur til húsnæði sem hæfir hverjum viðburði. Þá hefur stofan stuðlað að fjölbættum menningar- og listasýningum í samstarfi við listamenn.

Undir starfsemina falla minjasöfn, héraðsskjalasafns og tvö myndasöfn auk umsjónar með rekstri sjóminjasafns. Þá er listaverkaeign í umsjón stofnunarinnar.

Unnið verður að uppfærslu stefnumörkunar safna og hún tengd menningarstefnu en áhersla verður lögð á skilgreiningu framtíðar Stríðsárasafnsins. Áhersla verður lögð á markaðssetningu safna með það að markmiði að auka aðsókn að þeim. Skjalasafni sveitarfélagsins verður fyrir komið í nýju uppgerðu húsnæði að Piljuvöllum 13 ásamt Skjalasafni Norðfjarðar og myndasöfnum.



3.2. Félagsheimili og menningarhús

Fjarðabyggð á sex félagsheimili en þau gegna ýmsum hlutverkum. Egilsbúð er frístunda- og félagsmiðstöð fyrir ungmenni, eldri borgara, ýmsa félagastarfsemi auk þess að sinna hlutverki menningarhúss. Félagslundur er nýttur fyrir starfsemi leikskóla og félagsmiðstöðvar. Valhöll og Skrúður eru rekin í samstarfi við hollvinasamtök sem félagsheimili en Samkomuhús Stöðvarfjarðar er nýtt fyrir æskulýðsstarf og sem upplýsingamiðstöð. Sólbrekka hýsir ferðapjónustu að sumri en er jafnframt samkomuhús staðarins.

3.3. Söguritun og menningararfur

Forgangsröðun söguritarar byggist á að lokið verði við ritun sögu Stöðvarfjarðar og að henni lokinni verði atvinnusaga Eskifjarðar rituð.

3.4. Styrkveitingar og framlög

Styrkveitingar á árinu 2024 verða hækkaðar um kr. 500.000. og fer hækkingin til úthlutunar úr menningarstýrkjum sem veittir eru í upphafi árs.

4. Brunamál og almannavarnir



Mynd 9 - Frá æfingu slökkviliðs Fjarðabyggðar

Undir brunamál og almannavarnir falla málefni er varða rekstur slökkviliðs- og sjúkraflutninga í Fjarðabyggð, eldvarnareftirlit og forvarnarstarfsemi. Einnig Almannaavarnir, hafnarvernd, ofanflóðavarnir og fleira, þ.m.t. stuðningur við björgunarsveitir í Fjarðabyggð. Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur að leiðarljósi að bæta öryggi og þjónustu við íbúa og vegfarendur, styrkja og efla forvarnir og framkvæma markvisst eldvarnareftirlit. Leið að því marki er að stuðla að góðri þjálfun og fræðslu til eigin starfsmanna, fyrirtækja og almennings. Einnig er slökkviliðið í lykilaðstöðu til að auka og efla samvinnu viðbragðsaðila á Austurlandi og vera í fararbroddi á þeim vettvangi. Starfsstöðvar eru 6 talsins, í flestum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Reksturinn verður með svipuðu sniði og síðasta ár með enn ríkari áherslu á að styðja við viðbragð á starfsstöðvum og samstarf þeirra á milli. Heildarútgjöld í málaflokknum hafa aukist, í takt við breytingar á kjarasamningum starfsmanna.

Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar eru skráðir 98 slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þar af eru 15 atvinnumenn í fullu starfi og 83 í hlutastarfi sem slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn.

4.1. Slökkvilið Fjarðabyggðar

Starfsstöðvar eru í Neskaupstað, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Dælubílar eru á öllum stöðum, tankbílar á tveimur stöðvum og körfubíll er á Reyðarfirði. Áfram eru unnið að endurnýjun slökkvibíla og gengið var frá samning um kaup á nýjum dælubíl 2022 og kemur hann til með að verða staðsettur á Reyðarfirði. Afhending er áætluð á vormánuðum 2024. Þessi nýi bíll verður vel útbúinn hefðbundinn slökkvibíll og til viðbótar sérstaklega útbúin til að takast á við bruna í jarðgöngum. Í honum verður svokallað CAFFS (froðu) kerfi sem er með margfaldan slökkvimátt hefðbundins vatns. Það hefur þá kosti að mun minna vökvamagn þarf til slökkvistarfa og er einnig umhverfisvænna en hefðbundið slökkvivatn.


Slökkviliðið ber einnig ábyrgð á u.þ.b. 30 manna hlutastarfandi slökkviliði Alcoa Fjarðaáls og sér um stjórnun þess og þjálfun. Stór þáttur af starfi liðsins eru forvarnir og eldvarnareftirlit sem hefur verið markvisst eftt á árinu. Við erum, í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir að í efla eigið öryggi og öryggisvitund þeirra í takt við lög og reglugerðir.

Hér að neðan er tafla sem lýsir bílaflota slökkviliðs Fjarðabyggðar

Staður	Notkun	Árgerð	Dæla	Tankur (L)	Froða (L)	Aldur
Reyðarfjörður	Dælubíll	2000	3.400	3.000	200	22
Reyðarfjörður	Dælubíll	2002	3.400	5.000	500	20
Reyðarfjörður	Körfubíll	1991	5.000			31
Neskaupstaður	Dælubíll	2006	4.000	4.000	200	16
Neskaupstaður	Dælu- og tankbíll	2013	4.000	11.000	350	9
Fáskrúðsfjörður	Dælubíll	2006	4.000	4.000	200	16
Fáskrúðsfjörður	Tankbíll	1982	1.200	14.000	0	40
Stöðvarfjörður	Dælubíll	1991	2.400	3.000	150	31
Breiðdalsvík	Dælubíll	1986	3200	5.000	150	36
Reyðarfjörður	Þjónustubíll	2015				7
Stöðvarfjörður	Tækjabíll	1999				23
Reyðarfjörður	Slökkviliðsstj.	2020	CAFFS	200	10	2
Breiðdalsvík	Kerra	2023	CAFFS	200	10	0

4.2. Sjúkraflutningar

Slökkvilið sinnir fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands sjúkraflutningum í Fjarðabyggð og einnig á Djúpavogi. Starfsemi tengd sjúkraflutningum er fjölbætt, allt frá lífsbjargandi inngrípum í neyðarflutningum til almennra flutninga til og frá stofnunum í Fjarðabyggð, flugvællinum í Neskaupstað og Egilsstöðum. Sjúkraflutningar í Fjarðabyggð eru með mannaðar starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Breiðdalsvík. Alls er slökkviliðið með 7 sjúkrabíla í sinni þjónustu. Fjöldi útkalla er að aukast ár frá ári.



Alls eru um 50 starfsmenn sem sinna sjúkraflutningum og dreifast þeir á milli starfsstöðva. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst í að auka menntun þeirra og hefur ríflega helmingurinn lokið eða er um það bil að ljúka við framhaldsnám sjúkraflutninga. Núna eru starfandi á öllum starfsstöðvum einstaklingar með framhaldsmenntun í sjúkraflutningum. Faglegt starf er unnið í góðri samvinnu og

samstarfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands með það að markmiði að allir íbúar fái viðeigandi þjónustu hvar svo sem þeir eru í sveit settir.

5. Framkvæmda- og umhverfissvið



Mynd 10 - Frá Eskifirði

Undir framkvæmda- og umhverfissviðs heyrja rekstur og umsjón allra fasteigna og tækja Fjarðabyggðar, gatnakerfi, hita-, fjarvarma-, frá- og vatnveitukerfi, umhverfismál og opinn svæði, skipulag og byggingarmál, hreinlætismál, Fjarðabyggðahafnir, úrgangsmál auk allra framkvæmda Fjarðabyggðar og stofnanna. Starfsmenn framkvæmdasviðs eru alls 32 á 6 starfstöðvum.

Á skrifstofu eru 8 starfsmenn. Í þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum sem eru staðsettar í Neskaupstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík eru 10 starfsmenn. Á Fjarðabyggðarhöfnum eru 10 starfsmenn á 6 starfstöðvum. Í garðyrkjudeild eru 5 starfsmenn á 3 starfstöðvum. Hjá veitum Fjarðabyggðar er 1 starfsmaður sem hefur starfstöð á Eskifirði.

Á skrifstofu starfa sviðstjóri, fasteigna- og framkvæmdafulltrúi, verkefnastjóri umhverfismála, verkefnastjóri Fjarðabyggðarhafna, verkefnastjóri þróunarmála og skipulags og byggingarfulltrúi. Helstu verkefni framkvæmda- og umhverfissviðs eru rekstur fasteigna Fjarðabyggðar, umsjón með áætlunargerð, halda utan um viðhald og nýframkvæmdir, rekstur Sorpmiðstöðvar, rekstur Fjarðabyggðahafna, samningar við verktaka, kynningar og eftirlit.

Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð og tækjamiðstöð heyrja undir rekstur sviðsins og starfa báðar deildir þvert á allan annan rekstur sviðsins, ásamt því að þjónusta aðra málaflokka Fjarðabyggðar.

Framkvæmdasvið fer með umsjón og eftirlit með öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og Fjarðabyggðarhafna, jafnt í A-hluta sem og B-hluta Framkvæmda- og umhverfissviðs starfar með Mannvirkja- og veitunefnd og Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Helstu verkefni á árinu 2024 verða að vinna áfram við viðbyggingu á leikskólanum á Eskifirði. Klæða og skipta um glugga á elsta hluta grunnskólans á Reyðarfirði, kaup á nýjum slökkvibíl, viðhald á göngu- og hjólastígum og uppbygging leiksvæða heldur áfram.

5.2 - Veitur Fjarðabyggðar

Framkvæmdasvið sér um vatnsveitur og fráveitur í öllu sveitarfélaginu. Auk þess sér sviðið um hitaveituna á Eskifirði og fjarvarmaveiturnar í Neskaupstað og á Reyðarfirði.

Innleiðing gæðakerfis fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar hefur verið í vinnslu. Verkferlar verða innleiddir fyrir veituna og gæða- og öryggiskerfi innleidd eins og kostur er.

Fjargæsla og skjákerfi fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hefur verið uppfært og sett í sama form og vatns- og hitaveitan á Eskifirði en það var nýjasta skjákerfið og hafði fleiri notkunar- og vöktunarmöguleika. Einnig hefur verið lokið við framkvæmdir á vöktun og breytingum á fjarvarmaveitunni á Reyðarfirði. Þá hafa fjarvarmaveiturnar í Neskaupstað og Reyðarfirði verið tengdar við fjargæslukerfi til að tryggja öryggi notenda veitanna m.t.t. rekstraröryggis, áreiðanleika og ástand búnaðar. Gerð var tilraun um að kynda fjarvarmaveituna í Neskaupstað með viðarperlum. Tilraunin tókst ágætlega en er ekki með nægjanlega getu til að kynda stöðina.

5.3. Umhverfis- og skipulagsmál

Undir málefni umhverfis og skipulagsmál falla hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál auk minka- og refaeyðing og landbúnaður. Einnig falla úrgangsmál og rekstur Sorpmiðstöðvar undir málaflokkinn.

Megin markmið umhverfis- og skipulagssviðs er að framfylgja skyldum sveitarfélagsins samkvæmt lögum og reglugerðum sem verkefni sviðsin falla undir vegna byggingar-, skipulags- og umhverfismála. Þá er markmið sviðsins að framfylgja þeim reglum og samþykktum sem sveitarfélagið sjálf hefur sett sér varðandi umhverfismál, umgengismál, lausafjármuni, gæludýr o.fl.

Á sviðinu eru þrjú stöðugildi. Skipulags- og byggingarfulltrúi, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa og verkefnastjóri umhverfismála eru með starfstöð á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar á Reyðarfirði.

Helstu verkefni:

- Skipulags- og byggingarfulltrúi fylgir eftir aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins, annast aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu leyfisveitinga á sviði skipulags-, byggingar- og umhverfismála.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi annast útgáfu leyfisveitinga á sviði byggingarmála.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa eru starfsmenn umhverfis- og skipulagsnefndar. Undir nefndina heyra málefni umhverfis- og skipulagssviðs og framkvæmdasviðs. Reglulegir fundir umhverfis- og skipulagsnefndar eru að jafnaði hálfsmánaðarlega allt árið en hægt er að halda auka fundi ef talin er sérstök þörf á því. Verkefnastjóri umhverfismála er starfsmaður fjallskilaneftndar. Fjallskilaneftnd fundar þegar erindi liggja fyrir nefndinni.
- Verkefnastjóri umhverfismála skal fylgja eftir og annast dýraeftirlit, heilbrigðiseftirlit, landbúnaðarmál, úrgangsmál og umsjón með refa- og minkaveiðum.

5.4. Skipulags- og byggingarmál


Í samræmi við samþykkt eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarstjórnar er endurskoðun á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 nú lokið.

Gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við útfærslu og deiliskipulagsgerð vegna miðbæjarsvæða á Eskifirði. Gert er ráð fyrir deiliskipulagsgerð í tengslum við ofanflóðavarnir í Grjótá í Eskifirði. Þá verði unnið að því að afmarka og deiliskipuleggja þau svæði innan þéttbýla sem enn eru ódeiliskipulögð. Gert er ráð fyrir að klára deiliskipulag Dalur 3 - Eskifirði - íbúðarsvæði og deiliskipulagið Balinn, Stöðvarfirði.


Stefnt verði að því að útrunnir lóðarleigusamningar verði endurnýjaðir og sem flest lóðarmörk verðir sýnileg á vefsíðu Fjarðabyggðar.

Stefnt verði að því að allar umsóknir sem til sviðsins berast verði rafrænar. Stefnt verði að því að innleiða rafrænar undirskriftir allra hönnunargagna þannig að teikningar og öll önnur gögn vegna byggingarmála verði rafræn og notkun pappírs muni þá heyra sögunni til.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallar um allar lóðarumsóknir sem berast sveitarfélaginu og gefur bæjarráði umsögn sína vegna þeirra. Veruleg fjölgun hefur verið í úthlutun íbúðarhúsalóða frá því 2019 eins og sést í súluritinu hér að neðan.




Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallar um allar byggingarleyfisumsóknir sem berast sveitarfélaginu. Byggingarleyfisumsóknum hefur fjölgað nokkuð síðustu ár



5.5. Landbúnaðarmál, refa- og minkaeyðing


Reiknað er með að fyrirkomulag vegna landbúnaðarmála og starfa Fjallskilaneftndar verði óbreytt frá fyrra ári. Áfram verði gert ráð fyrir uppsetningu aðhaldsgirðinga við alla þéttbýliskjarna ásamt viðhaldi eldri fjárrétta í samræmi við forgangsröðun þeirra verkefna.

Samningar við minka- og refaveiðimenn eru í gildi næstu 2 ár og gert er ráð fyrir sama eða svipuðu fyrirkomulagi þessara veiða næstu ár og verið hefur.



5.6. Heilbrigðis- og dýraeftirlit

Innan málaflokks heilbrigðismála er vegna heilbrigðiseftirlits gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og verið hefur. Fyrirkomulag dýraeftirlits verður einnig í sama farvegi og verið hefur. Ormalyfsgjöf verður með þeim hætti að koma skal með öll skráð dýr í ormalyfjagjöf á ákveðnum dögum að hausti. Gæludýraeigendur geta áfram sótt þjónustuna beint til dýralæknis. Aðstaða vegna fangaðra hunda og katta er til staðar í húsnæði Fjarðabyggðar að Kollaleiru á Reyðarfirði.



5.7. Umhverfismál

Umhverfis- og loftlagsstefna Fjarðabyggðar hefur verið staðfest af bæjarstjórn. Innleiðing stefnunnar er hafin með myndun starfshóps þvert á öll svið og stofnanir sveitarfélagsins. Starfshópurinn mun síðan innleiða græn skref Fjarðabyggðar í takt við heimsmarkmið um sjálfbæra þróun og loftlagsmál.

Innleiðing er í þremur skrefum


- Innleiðing markmiða er varðar rekstur sveitarfélagsins
- Innleiðing markmiða er varða ytri þætti og hafa áhrif á starfsemi sveitarfélagsins
- Innleiðing markmiðs er varðar fræðslu um umhverfis- og loftlagsmál

Fjarðabyggð er aðili að samningi sveitarfélaga, ráðuneytis Umhverfis- orku- og loftslags, auk Landsvirkjunar, um verkefnið Eygló þar sem meðal annars áhersla er á hringrás orku í orkuskiptum, nýtingar á glatvarma og kolefnishlutleysi Austurlands. Reikna má með aukinni áherslu á þessi málefni hjá Fjarðabyggð á árinu.

5.8. Rekstur sorpmiðstöðvar

Árið 2023 tóku ný lög gildi um móttöku úrgangs þar sem meðal annars er í auknum mæli ætlast til að þeir borgi sem henda. Auk þess sem breyting var á hvaða flokkar skulu hirtir við íbúðarhús. Fjarðabyggð hefur á árinu að hluta uppfyllt skilyrði laga, t.d. með upptöku klippikorta og markvissari gjaldtöku á úrgang inná móttökustöðvar Fjarðabyggðar. Gert er ráð fyrir að á árinu 2024 mun sveitarfélagið ljúka við uppfærslu kerfis í takt við nýju lög sem tóku gildi 2023 en vinna stendur yfir að útfæra og meta lausnir.

Reikna má með að á næstu misserum muni íbúar sjá fjölbreyttari lausnir í einhverjum byggðalögum á borð við grenndarstöðvar og söfnun einstaka flokka í nærumhverfi. Opnunartími móttökustöðva mun í flestum tilfellum dragast saman en mönnun aukin á opnum stöðvum.



6. Stjórnsýslu- og þjónustusvið



Mynd 11 - Regnbogi yfir Eskfirði

6.1. Stjórnsýslu- og þjónustusvið

Sviðið er stoðsvið sem veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins. Í þjónustu felst m.a. ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið. Sviðið er ábyrgt fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu og skjalamálum, gæðamálum, mannauðs- og kjaramálum, upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningar- og safnamálum, atvinnu- og ferðamálum þar með töldum tjaldsvæðum og áfangastöðum ferðamanna auk ýmissa þróunarmála. Þá annast sviðið undirbúning funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og menningar- og nýsköpunarnefndar, framkvæmd funda og afgreiðslu mála ásamt kosningum.

Sviðinu veitir forstöðu bæjarritari en það er skipað að auki 9 starfsmönnum í 8,5 stöðugildum sem vinna saman í þremur teyllum, stjórnsýslu- og þjónustuteymi, mannauðs og kjarateymi, upplýsinga-, atvinnu- og menningarteymi.


6.2. Stjórnsýsla: gæðamál og þjónusta

Unnið er að skilvirkni og góðri þjónustu sveitarfélagsins. Reglur og ferlar er endurskoðaðir reglubundið með það að markmiði að þeir endurspegli starfshætti og stjórnsýslu sem tryggja skilvirkni hennar. Mat er lagt á flæði hinna ýmsu mála í gegnum stjórnsýsluna, embætti og ólíkar nefndir með það að leiðarljósi að hraða afgreiðslu mála og meta hvort þau hafi verið afgreidd rétt innan eðlilegra tímamarka.


6.3. Mannauðs- og kjaramál

Hjá Fjarðabyggð starfar hópur fólks með ólíkan bakgrunn sem sinnir þjónustu við alla íbúa sveitarfélagsins. Starfsfólk sveitarfélagsins er lykilinn að góðum árangri en mikil áhersla er lögð á að skapa gott starfsumhverfi sem einkennist af góðum samskiptum, sveigjanleika og samvinnu. Unnið er að því að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem hægt er að nýta til að takast á við fjölbreytt verkefni.

Menntun




Aldursdreifing



Jafnlaunavottun

Fjarðabyggð hefur sett sér jafnlaunastefnu en markmið stefnunnar er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og óútskýrður launamunur verði aldrei meiri en 3,5% og ávallt sem næst 0%. Lögð er áhersla á að allir geti notið sín án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða búsetu. Árlega er framkvæmd jafnlaunaúttekt og jafnlaunakerfi sveitarfélagsins er tekið út í hluta eða heild samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST85:2012. Niðurstöður jafnlaunagreiningar 2021 sýna að óútskýrður launamunur heildarlauna er 0,55% körlum í vil og er í samræmi við jafnlaunamarkmið sveitarfélagsins. Þetta er lækkun frá 2020 en þá mældist óútskýrður kynbundin launamunur 1,4% konum í vil.

Kynjahlutfall



Vinnustaðurinn Fjarðabyggð

Unnið er markvisst að því að efla og þróa starfsfólk og skapa eftirsóknarverðan vinnustað með það að markmiði að stuðla að starfsánægju, góðum starfsanda og helguðu starfsfólki. Unnið er að því að draga úr fjarvistum vegna veikinda með virkum stuðningi. Allt starfsfólk fer að lágmarki tvisvar á ári í endurgjafarsamtöl hjá sínum næsta stjórnenda en tíð endurgjöf dregur úr fjarvistum og starfsmannaveltu ásamt því að hafa jákvæð áhrif á líðan og frammistöðu.

Vinnustaðagreining

Vinnustaðagreining er gerð árlega og áhersla lögð á að ræða vinnuumhverfið og þau tækifæri sem felast í góðum samskiptum og liðsheild. Niðurstöður greiningarinnar eru nýttar til að efla stjórnendur og annað starfsfólk í starfi með raunhæfum verkefnaáætlunum í samræmi við niðurstöður.

6.4. Upplýsingatæknimál og persónuvernd

Starfsemi sveitarfélagsins er sífellt þróuð að stafrænum lausnum þar sem upplýsingatækni er nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavini. Lokið verður innleiðingar hugbúnaðarlausnar fyrir skólaþjónustu og stafræn þjónusta aukin sem stuðlar að skilvirkni. Verklag og reglur í upplýsingatækni verða endurskoðaðar til að stuðla að öryggi og skilvirkni í rekstri tölvukerfa og tryggt að þau taki mið af kröfum um persónuvernd. Þá er fræðsla lykilþáttur í þekkingu starfsmanna á áhættum í rekstri og verður fræðslu fyrir starfsmanna á þeim þáttum á árinu.

6.5. Upplýsinga- og kynningarmál

Unnið verði í að skapa jákvæða og sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags sem þekkt sé fyrir gæði og öryggi. Sérstaklega sé hugað að orðspori og ímynd sveitarfélagsins. Leitast verði við að veita íbúum sem gleggstar upplýsingar um þjónustu Fjarðabyggðar og kynna sveitarfélagið sem spennandi valkost fyrir búsetu. Stuðlað verði að efltri upplýsingagjöf milli stofnana sveitarfélagsins en þar verði nýttur nýr innri samfélagsmiðill. Ábendingar sem berast sveitarfélaginu um bætt þjónustu og það sem betur má fara í rekstri eru mikilvægar vísbendingar en reglubundið þarf að endurskoða verklag, meðferð og úrvinnslu þeirra. .

6.6. Atvinnu- og þróunarmál

Markmið Fjarðabyggðar er að vera leiðandi í atvinnulífi á Austurlandi og áfram verði unnið að þróun græns orkugarðs í sveitarfélaginu og þróun atvinnuvega þess. Mörkuð sé stefna í atvinnumálum í Fjarðabyggð og stutt við framþróun og nýsköpun. Almenningsamgöngur verða boðnar út á árinu 2023 til þriggja ár á grunni reynslu sem fékkst af tilraunaverkefni. Markmið leiðarkerfisins er að gera Fjarðabyggð að einu atvinnusvæði og nýta innviði þess sem best til frístunda og tómstundastarfs. Verkefnið sterkur Stöðvarfjörður er hálfnað en markmið þess er að greina sóknartækifæri staðarins og styðja við atvinnuþróun og nýsköpun.

7. Fjármálasvið

Fjármálasvið er stoðsvið eða þjónustusvið við önnur svið og stofnanir Fjarðabyggðar. Á fjármálasvið starfa auk sviðsstjóra, deildarstjóri, aðalbókari, bókari, gjaldkeri, innheimtufulltrúi og sérfræðingar í 7,3 stöðugildum.

Markmið fjármálateymis er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsmanna, viðskiptavina og íbúa er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Verkefni fjármálasviðs eru m.a. áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings, skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnana og deilda, greiðsla reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál og fleira.

Á árinu verður unnið sérstaklega

- að skilvirkari upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirfylgni með rekstri, viðhaldi og fjárfestingum m.t.t. áætlunargerðar.


- að markvissari ferlum og aðferðum við innkaup frá birgjum auk stuðnings við stjórnendur og starfsmenn við innkaup.
- Gagnavinnsla og upplýsingagjöf til stjórnenda, kjörinna fulltrúa og almennings.
- að bæta ferla og sjálfvirkni við móttöku reikninga og annarra þátta sviðsins.




8. Fjarðabyggðahafnir



Mynd 12 - Löndnun við Norðfjarðarhöfn

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum Fjarðabyggðarhafna. Fjarðabyggðarhafnir telja átta hafnir og eru þær eftirfarandi; Breiðdalsvíkurhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn.





8.1. Almenn t um Hafnarsjóð Fjarðabyggðar

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að þjónusta fyrirtæki með hafntengda starfsemi í samræmi við gildandi hafnalög. Fjarðabyggðarhafnir sjá um að þjónusta öll skip sem koma að höfnum Fjarðabyggðar, samskipti við þau eða umboðsaðila þeirra, framkvæmd hafnsögu, aðstoð með dráttarbát, vigtun sjávarfangs o.fl. Fjarðabyggðarhafnir hafa einnig eftirlit með siglingavernd á hafnarsvæðunum og samskipti við fyrirtæki og stofnanir.

Á Fjarðabyggðarhöfnum starfa skipstjórar, vélstjórar, hafnsögumenn og hafnarverðir í 17,2 stöðugildum. Auk þess koma inn afleysingamenn á dráttarbátinn þegar á þarf að halda.

Mjóeyrarhöfn er inn- og útflutningshöfn en í öðrum höfnum er sjávarútvegur meginuppistaða starfseminnar. Skipafélögin Eimskip og Samskip eru með áætlanasiglingar á Mjóeyrarhöfn, síðan eru önnur skipafélög sem annast inn- og útflutning fyrir Alcoa Fjarðaál í gegnum Mjóeyrarhöfn.

Á árinu 2024 verður áfram unnið við nýju höfnina á Eskifirði í tengslum við uppbyggingu Eskju og Strandarbryggja á Fáskrúðsfirði verður lengd.

8.2. Hafnarþjónusta

Sólarhringsvakt er á Fjarðabyggðarhöfnum allt árið um kring. Starfsmenn hafnarinnar sjá um að veita hafnsögu- og dráttarbátþjónustu, en daglega sinna þeir tilfallandi stöfum á höfnunum.

Hafnir landsins starfa samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 en enn fremur er sérstök hafnareglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir nr. 835/2020.



Mynd 13 - Stöðvarfjarðarhöfn

9. Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2024

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	5.165.725	5.565.853	5.856.390	5.153.281	5.551.905	5.841.811
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.173.865	1.330.445	1.520.481	1.173.865	1.330.445	1.520.481
Aðrar tekjur.....	1.220.844	1.303.641	1.258.716	3.116.341	3.221.614	3.407.388
	<u>7.560.434</u>	<u>8.199.939</u>	<u>8.635.587</u>	<u>9.443.487</u>	<u>10.103.964</u>	<u>10.769.680</u>
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	5.025.707	5.376.249	5.700.174	5.402.811	5.778.545	6.233.243
Annar rekstrarkostnaður.....	2.163.505	2.102.012	2.097.640	2.795.671	2.757.037	2.830.725
Afskriftir.....	290.813	300.143	301.408	619.251	648.202	651.671
	<u>7.480.025</u>	<u>7.778.404</u>	<u>8.099.222</u>	<u>8.817.733</u>	<u>9.183.785</u>	<u>9.715.639</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	80.409	421.535	536.365	625.754	920.179	1.054.040
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	11.457	16.441	10.537	13.477	16.741	10.837
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	39.125	35.274	0	(0)	(0)
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(316.547)	(471.313)	(380.178)	(616.271)	(648.101)	(512.539)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	(148.665)	(85.069)	(92.635)	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	<u>(453.755)</u>	<u>(500.816)</u>	<u>(427.002)</u>	<u>(602.794)</u>	<u>(631.360)</u>	<u>(501.702)</u>
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	(373.346)	(79.281)	109.363	22.960	288.819	552.339
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	9.860	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	(4.347)	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>(373.346)</u>	<u>(79.281)</u>	<u>109.363</u>	<u>28.473</u>	<u>288.819</u>	<u>552.339</u>

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	8.797.840	8.919.057	8.905.261	8.972.429	9.120.618	9.147.777
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	603.626	546.830	492.015	6.520.670	6.622.325	6.840.988
Vélar, áhöld og tæki	123.216	121.360	160.351	176.147	176.479	215.774
Leigugeignir	22.749	15.966	9.178	29.317	22.534	15.746
	<u>9.547.431</u>	<u>9.603.213</u>	<u>9.566.805</u>	<u>15.698.563</u>	<u>15.941.956</u>	<u>16.220.285</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	606.000	640.003	693.003	726.211	760.215	813.215
Skatteign	0	0	0	16.679	16.679	16.679
Langtímakröfur	234.542	213.543	203.057	271.048	246.736	234.593
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	178.243	164.396	144.080	0	0	0
	<u>1.018.785</u>	<u>1.017.941</u>	<u>1.040.139</u>	<u>1.013.938</u>	<u>1.023.629</u>	<u>1.064.487</u>
Fastafjármunir	<u>10.566.216</u>	<u>10.621.154</u>	<u>10.606.944</u>	<u>16.712.501</u>	<u>16.965.585</u>	<u>17.284.772</u>
Veltufjármunir:						
Birgðir	0	0	0	16.650	16.650	16.650
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	706.484	706.484	706.484	928.655	928.655	928.655
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	268.499	349.904	404.525	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	197.645	211.797	214.117	67.934	213.420	215.740
Næsta árs afborganir langtímakrafna	10.687	10.486	10.486	12.302	12.143	12.143
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki	21.090	26.788	29.654	0	0	0
Handbært fé	54	238.257	239.782	130.338	238.257	239.823
Veltufjármunir	<u>1.204.459</u>	<u>1.543.716</u>	<u>1.605.049</u>	<u>1.155.879</u>	<u>1.409.124</u>	<u>1.413.011</u>
Eignir samtals	<u>11.770.675</u>	<u>12.164.870</u>	<u>12.211.993</u>	<u>17.868.380</u>	<u>18.374.709</u>	<u>18.697.783</u>

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
31. desember						
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé.....	787.924	728.830	838.192	6.903.796	7.235.248	7.787.587
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0	0	0
	<u>787.924</u>	<u>728.830</u>	<u>838.192</u>	<u>6.903.796</u>	<u>7.235.248</u>	<u>7.787.587</u>
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar.....	3.321.691	3.428.046	3.454.974	3.493.050	3.598.506	3.624.534
Tekjuskattskuldbinding.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar.....	150.370	131.070	59.305	150.370	131.070	59.305
	<u>3.472.061</u>	<u>3.559.116</u>	<u>3.514.279</u>	<u>3.643.420</u>	<u>3.729.576</u>	<u>3.683.839</u>
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir.....	3.853.030	4.273.251	4.097.163	5.266.172	5.664.968	5.454.355
Leiguskuldir.....	27.095	29.452	25.968	27.095	29.452	25.968
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
	<u>3.880.125</u>	<u>4.302.703</u>	<u>4.123.131</u>	<u>5.293.267</u>	<u>5.694.420</u>	<u>5.480.323</u>
Skammtímaskuldir:						
Skammtímaskuldir við lánastofnanir.....	205.843	0	0	205.843	0	0
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki.....	1.784.402	1.996.446	2.120.670	(0)	(0)	(0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	399.818	343.206	381.151	538.040	448.386	478.038
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	6.528	0	0	7.533	0	0
Næsta árs afb. langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	(0)
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.233.974	1.234.570	1.234.570	1.276.481	1.267.080	1.267.080
	<u>3.630.565</u>	<u>3.574.222</u>	<u>3.736.391</u>	<u>2.027.897</u>	<u>1.715.465</u>	<u>1.745.118</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>10.982.751</u>	<u>11.436.040</u>	<u>11.373.801</u>	<u>10.964.584</u>	<u>11.139.461</u>	<u>10.909.279</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>11.770.675</u>	<u>12.164.870</u>	<u>12.211.993</u>	<u>17.868.380</u>	<u>18.374.709</u>	<u>18.696.867</u>

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
Sjóðstreymisýfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	(373.346)	(79.281)	109.363	28.473	288.819	552.339
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	290.813	300.143	301.408	619.251	648.202	651.671
Verðbætur og gengismunur	248.438	246.689	161.373	362.426	355.890	229.020
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	(9.860)	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	3.007	0	0	(90.368)	(8.223)	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	(44.222)	0	0	(3.287)	0	0
Breyting á skuldbindingum	379.591	337.445	272.445	383.537	341.445	276.445
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	504.281	804.995	844.589	1.290.172	1.626.133	1.709.474
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(220.335)	0	0	(129.364)	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	50.850	(2.242)	(2.320)	51.516	(2.112)	(2.320)
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)	46.773	0	0	(7.920)	(10.000)	0
Afborganir skuldbindinga	(200.850)	(250.817)	(317.282)	(206.355)	(255.717)	(322.182)
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	(323.562)	(253.059)	(319.602)	(292.123)	(267.829)	(324.502)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	180.719	551.936	524.987	998.049	1.358.305	1.384.973
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(636.062)	(336.000)	(265.000)	(1.333.788)	(851.000)	(930.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	25.360	0	0	142.101	10.000	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(74.108)	(34.000)	(53.000)	(74.108)	(34.000)	(53.000)
Langtímakröfur, breyting.....	139.431	10.576	10.486	139.431	12.233	12.143
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	19.284	48.974	54.845	0	59.552	66.737
Fjárfestingarhreyfingar	(526.095)	(310.450)	(252.669)	(1.126.364)	(803.215)	(904.120)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	17.071	130.639	69.603	0	(0)	0
Tekin ný langtímalán.....	354.915	520.000	20.000	354.915	520.000	20.000
Afborganir langtímalána.....	(399.282)	(416.584)	(328.161)	(597.163)	(563.740)	(428.517)
